

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 288/2003 um hunang.

1. gr.

Á eftir 1. málslíð 3. gr. kemur: Frjókorn er náttúrulegur efnisþáttur sem er einkennandi fyrir hunang og telst ekki vera innihaldsefni.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr.:

- a. Í stað orðanna „588/1993 um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla“ í 1. mgr. 6. gr. kemur: 1294/2014 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda.
- b. Í stað „EB“ í 4. mgr. 6. gr. kemur: ESB.

3. gr.

Í stað orðsins „Umhverfisstofnunar“ í 8. gr. kemur: Matvælastofnun.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum. Reglugerðin er til innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2014/63 um breytingu á tilskipun ráðsins 2001/110/EB varðandi hunang. Tilskipunin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2017, frá 5. maí 2017. Tilskipunin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 31, frá 18. maí 2017, bls. 425.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 29. maí 2017.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Ólafur Friðriksson.

Iðunn Guðjónsdóttir.